

Ár 1996, miðvikudaginn 10. janúar, var í málinu nr. 13/1995 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR

Málavextir eru þeir að með bréfi til Yfirfasteignamatsnefndar, dags. 30. nóv. 1995, kærir sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps og óskar úrskurðar nefndarinnar um ágreining varðandi álagningu fasteignaskatts á fiskeldisstöð Silfurstjörnnunnar hf., Núpsmýri, Öxarfirði. Í bréfi kæranda segir m.a.:

"Ágreiningur hefur risið um fasteignagjaldsflokkun fiskeldisfyrirtækisins Silfurstjörnnunnar h.f. Hreppsnefnd færði fyrirtækið úr A-flokki yfir í B-flokk á þessu ári þar sem sýnt þótti að svo ætti að vera. Silfurstjarnan h.f. vill ekki una þeirri tilfærslu. Í ljósi þess ágreinings kærir sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps til Yfirfasteignamatsnefndar ríkisins og óskar úrskurðar hið bráðasta."


Rúnar Þórarinsson oddviti lætur bóka: "Ég get ekki samþykkt að kæra eigin úrskurð um flokkun Silfurstjörnnunnar h.f. til Yfirfasteignamatsnefndar, tel ég að starfssemi fyrirtækisins sé landbúnaður og eigi því að flokkast í A-flokk fasteignaskatts."

Með bréfinu fylgdu m.a. ljósrít bréfa sem farið hafa milli Silfurstjörnnunnar hf. og Öxarfjarðarhrepps.


Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga segir, að verði ágreiningur um gjaldskyldu skeri Yfirfasteignamatsnefnd úr. Telja veður, að ákvæði þetta feli í sér kærheimild gjaldanda fasteignaskatts, sem ekki vill una ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn sem tekur kærða ákvörðun er hins vegar ekki aðili að kærumáli samkvæmt reglum stjórnisýsluréttar. Samkvæmt því ber að vísa máli þessu frá nefndinni vegna aðildarskorts.

## ÚRSKURÐARORÐ

Framangreindri kæru er vísað frá Yfirfasteignamatsnefnd.

  
Guðný Björnsdóttir

  
Pétur Stefánsson

  
Andrés Svanbjörnsson